Akraneskaupstaður

**Nótastöðin hf.**

**Jörundarholti 226**
**300 Akranes**

Akranesi, 12. september 2019

*1901379* SDA

**Efni:** ***Faxabraut 7 - hækkun á álagningu fasteignagjalda á atvinnufyrirtæki***

Vísað er til erindis Nótastöðvarinnar frá janúar 2019 og ítrekunar frá því í mars síðastliðinn. Erindið var tekið fyrir í bæjarráð þann 14. febrúar sl. og bæjarstjóra falin úrvinnsla málsins. Í afgreiðslu bæjarráðs á erindinu er gerð grein fyrir því að undanfarin tvö ár hafi bæjaryfirvöld við afgreiðslu fjárhagsáætlunar lækkað álagningarprósentur bæði á atvinnu- og íbúðahúsnæði til að mæta hækkun fasteignamats Þjóðskrár sem byggir á á verðmæti eigna samkvæmt kaupsamningnum. Það hefur því markvisst verið dregið úr álögum vegna fasteignaskatta en það er vissulega rétt að gjöldin hafa hækkað í krónutölu á milli ár.

Bæjaryfirvöld meta á hverju ári svigrúm samkvæmt skattstofnum og er þessum þætti gefin sérstakur gaumur. Þar skiptir líka máli að áhrifa af ákvörðun um að fullnýta ekki skattstofna hefur áhrif á úthlutun framlaga frá Jöfnunarsjóðnum til kaupstaðarins og ákvörðun um lækkun hefur því margfeldisáhrif til lækkunar á tekjum kaupstaðarins.

Við ákvörðun bæjaryfirvalda er einnig haft til hliðsjónar samanburður við önnur sambærileg sveitarfélög. Samanburður er gerður á fasteignagjöldum íbúðar- og atvinnuhúsnæðis af tiltekinni stærð á Akranesi annars vegar og í tilteknum sveitarfélögum hins vegar. Um er að ræða sveitarfélögin Akureyrarbær, Árborg, Borgarbyggð, Reykjanesbær, Garðabær, Kópavog, Seltjarnarnes, Reykjavík og Mosfellsbær. Samanburðurinn er framkvæmdur þannig að grunnstuðull er fenginn frá Fasteignamati ríkisins (FMR, svonefnt höfuðborgarmat, miðað við verðlag í febrúarmánuði og út frá þeim upplýsingum er reiknaður stuðull (margfeldi) miðað við að Akraneskaupstaður hafi grunntöluna 1. Síðan eru fasteignagjöldin einfaldlega reiknuð út miðað við tiltekna stærð af íbúðarhúsnæði annars vegar og atvinnuhúsnæði hins vegar, í hverju sveitarfélagi fyrir sig og borin saman (hlutfall miðað við Akranes).

Umræddur samanburður staðfestir að skattheimta hjá Akraneskaupstað er lág og er það staðfest í opinberum gögnum líkt og getið var um svari bæjarráðs þann 14. febrúar síðastliðinn þar sem vitnað er til skýrslu Byggðastofnunar frá 15. ágúst 2018 um samanburð fasteignagjalda.

Til einföldunar má útskýra aðferðarfræðina þannig að ef um atvinnuhúsnæði er að ræða þarf fasteignamat á Akranesi að hækka um 53% til að ná höfuðborgarmati samkvæmt upplýsingum frá FMR.

Samanburður er gerður á eftirtöldum gjöldum:

**Íbúðarhúsnæði:**

- **Fasteignaskattur A (lagður á af Akraneskaupstað)**
- Vatnsskattur (breytilegur) (lagður á af OR og er fermetragjald)
- Vatnsskattur (fastagjald) (lagður á af OR)
- Holræsagjald A (lagt á af OR og er fermetragjald)
- Holræsagjald (fastagjald) (lagt á af OR)
- **Lóðarleiga A (lögð á af Akraneskaupstað)**
- **Sorpgjald (lagt á af Akraneskaupstað)**

**Atvinnuhúsnæði:**

- **Fasteignaskattur C (lagður á af Akraneskaupstað)**
- Vatnsskattur (breytilegur) (lagður á af OR og er fermetragjald)
- Vatnsskattur (fastagjald) (lagður á af OR)
- Holræsagjald C (lagt á af OR og er fermetragjald)
- Holræsagjald (fastagjald) (lagt á af OR)
- **Lóðarleiga C (lögð á af Akraneskaupstað)**

Til frekari útskýringa varðandi útreikningana vísast til meðfylgjandi fylgigagna. Ástæða þess að reikna þarf tvær útgáfur fyrir Akraneskaupstað í samanburðinum er að fyrir árið 2004 miðaðist gjaldtakan við kr/m$^2$ á stærð lóðar og breytingar á byggingarvísitölu en frá þeim tíma (1. janúar 2004) er lóðarleiga nýrra lóða og endurnýjaðra lóðarleigusamninga reiknuð út frá fasteignamati lóðar (nú 0,3815% af íbúðarhúsnæði og 1,265% af atvinnuhúsnæði) sbr. ákvörðun bæjarstjórnar Akraness frá 16. desember 2003.

Fasteignaskattur á atvinnuhúsnæði hefur lækkað úr 1,65% í 1,58% á undanförnum árum til að koma til móts við hækkun á fasteignamati og sama gildir um lóðarleiguna sem hefur lækkað úr 1,598% í 1,265%.

Hinar ólíku álagningarprósentur sem sveitarfélögin byggja gjaldtökuna á segja eðli máls samkvæmt ekki alla söguna vegna mismunandi fasteignamats svæðanna. Samanburðurinn sýnir að hvað atvinnuhúsnæði varðar og horft til þeirra gjalda sem Akraneskaupstaður leggur á (fasteignaskattur og lóðarleiga) er einungis eitt sveitarfélag (Borgarbyggð) með lægri gjöld en Akraneskaupstaður ef miðað er við fermetragjald en tvö sveitarfélög (Borgarbyggð og Reykjanesbær) ef miðað er við fasteignamat lóðar. Ef horft er til fasteignagjalda þar sem vatns- og holræsagjöld eru talin með er staðan sambærileg þó þannig að gjöld annars staðar eru mun hærri þ.e. gjaldendum á Akranesi í hag.

Akraneskaupstaður lítur svo á að kaupstaðurinn sé í samkeppni við önnur sveitarfélög um íbúa og atvinnufyrirtæki m.t.t. til búsetu og þar skiptir augljóslega margt máli og m.a. opinberar álögur sveitarfélagsins.

Endanleg ákvörðun um fjárhæð gjalda á árinu 2020 verður tekin við fjárhagsáætlunargerðina sem endranær. Með hliðsjón af lífskjarasamningum hafa bæjaryfirvöld gefið út að hækkanir þjónustugjaldskráa verði bundið við 2,5% sbr. tilmæli Sambands íslenskra sveitarfélaga þar að lútandi og vænta má að sama gildi um fasteignaskattana. Rétt er þó að halda því til haga að umræða er um það á sveitarstjórnarstiginu almennt hvernig nálgast eigi tilmæli Sambandsins og um nákvæmlega hvaða kostnaðarþætti þau tilmæli eiga við um.

Undirritaður þakkar erindið og það verður m.a. haft til hliðsjónar við gerð fjárhagsáætlunarinnar. Beðist er forláts á þeim drætti sem orðið hefur á afgreiðslu erindisins.

Virðingarfyllst,

BÆJARSTJÓRINN Á AKRANESI

Sævar Freyr Þráinsson
bæjarstjóri

Fylgiskjöl: Samanburður á fasteignagjöldum (með og án vatns- og holræsagjalda), íbúðar- og atvinnuhúsnæði

# Akraneskaupstaður

## Fasteignagjöld árið 2019 án vatns- og holræsagjalds.

**Dæmi:**

| Íbúðarh. | Mat krónur | Flatarmál m2 | Áætl. Vatn m3 |
|---|---|---|---|
| Hús | 54.350.000 | 198,9 | 1200 |
| Bílskúr | 0 | 0 | 0 |
| Lóð | 7.150.000 | 1180,4 | 0 |
| | 61.500.000 | 198,9 | 1200 |

| Atv.hús | Mat krónur | Flatarmál m2 | Rúmmál m3 |
|---|---|---|---|
| Iðnaður | 185.550.000 | 2863,1 | |
| | 0 | 0 | |
| Lóð | 31.250.000 | 6528 | |
| | 216.800.000 | 2863,1 | |

**Íbúðarhús**

| | Akranes-kaupstaður | Akranes-kaupstaður | Akureyrar-bær | Sveitarf. Árborg | Garða-bær | Hafnarfj. bær | Kópa-vogur | Mosfells-bær | Reykjanes-bær | Reykjavíkur-borg | Seltjarnarnes-bær | Borgar byggð |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Fasteignaskattur A | 176.198 | 176.198 | 216.383 | 153.178 | 179.960 | 218.774 | 199.099 | 172.229 | 228.169 | 177.903 | 190.374 | 161.240 |
| Lóðarleiga A | 15.381 | 27.277 | 38.116 | 64.758 | 44.047 | 32.282 | 25.296 | 30.274 | 110.529 | 22.981 | 50.590 | 70.297 |
| Sorpgjald | 34.807 | 34.807 | 38.643 | 62.000 | 28.000 | 39.956 | 36.800 | 29.000 | 44.532 | 36.740 | 38.124 | 47.200 |
| | **226.385** | **238.282** | **293.143** | **279.936** | **252.007** | **291.012** | **261.195** | **231.503** | **383.229** | **237.624** | **279.088** | **278.736** |
| Sem hlutfall af Akranesi | **100,0%** | **105,3%** | **129,5%** | **123,7%** | **111,3%** | **128,5%** | **115,4%** | **102,3%** | **169,3%** | **105,0%** | **123,3%** | **123,1%** |
| Sem hlutfall af Akranesi | **95,0%** | **100,0%** | **123,0%** | **117,5%** | **105,8%** | **122,1%** | **109,6%** | **97,2%** | **160,8%** | **99,7%** | **117,1%** | **117,0%** |

**Atvinnuhúsnæði**

| | Akranes-kaupstaður | Akranes-kaupstaður | Akureyrar-bær | Sveitarf. Árborg | Garða-bær | Hafnarfj. bær | Kópa-vogur | Mosfells-bær | Reykjanes-bær | Reykjavíkur-borg | Seltjarnarnes-bær | Borgar byggð |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Fasteignaskattur C | 3.426.307 | 3.426.307 | 4.040.055 | 4.303.650 | 5.069.420 | 4.422.255 | 4.874.260 | 4.910.117 | 3.316.719 | 5.604.610 | 3.831.335 | 2.460.854 |
| Lóðarleiga C | 305.902 | 395.313 | 1.000.342 | 375.962 | 448.292 | 532.712 | 1.207.680 | 486.581 | 434.617 | 489.612 | 813.852 | 510.378 |
| Sorpgjald | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| | **3.732.209** | **3.821.620** | **5.040.397** | **4.679.611** | **5.517.712** | **4.954.967** | **6.081.940** | **5.396.699** | **3.751.336** | **6.094.222** | **4.645.186** | **2.971.231** |
| Sem hlutfall af Akranesi | **100,0%** | **102,4%** | **135,1%** | **125,4%** | **147,8%** | **132,8%** | **163,0%** | **144,6%** | **100,5%** | **163,3%** | **124,5%** | **79,6%** |
| Sem hlutfall af Akranesi | **97,7%** | **100,0%** | **131,9%** | **122,5%** | **144,4%** | **129,7%** | **159,1%** | **141,2%** | **98,2%** | **159,5%** | **121,6%** | **77,7%** |

Í útreikning er stuðst við að allar tölur sem taka mið af fasteignamati séu reiknaðar sem margfeldi samkvæmt upplýsingum FMR. Grunntala 1 miðað við Akranes.

# Akraneskaupstaður

## Fasteignagjöld árið 2019.

**Dæmi:**

| Íbúðarh. | Mat krónur | Flatarmál m2 | Áætl. Vatn m3 |
|---|---|---|---|
| Hús | 54.350.000 | 198,9 | 1200 |
| Bílskúr | 0 | 0 | 0 |
| Lóð | 7.150.000 | 1180,4 | 0 |
| | 61.500.000 | 198,9 | 1200 |
| | | | 4 í heimili |

| Atv.hús | Mat krónur | Flatarmál m2 | |
|---|---|---|---|
| Iðnaður | 185.550.000 | 2863,1 | Gætu verið frystigeymslur innifaldar í tölum |
| | 0 | 0 | |
| Lóð | 31.250.000 | 6528 | |
| | 216.800.000 | 2863,1 | |

**Íbúðarhús**

| | Akranes-kaupstaður | Akranes-kaupstaður | Akureyrar-bær | Sveitarf. Árborg | Garða-bær | Hafnarfj. bær | Kópa-vogur | Mosfells-bær | Reykjanes-bær | Reykjavíkur-borg | Seltjarnarnes-bær | Borgar byggð |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Fasteignaskattur A | 176.198 | 176.198 | 216.383 | 153.178 | 179.960 | 218.774 | 199.099 | 172.229 | 228.169 | 177.903 | 190.374 | 161.240 |
| Vatnsskattur breyt | 39.549 | 39.549 | 27.428 | 98.312 | 89.980 | 48.803 | 58.825 | 64.277 | 45.150 | 39.549 | 97.907 | 64.052 |
| Vatnsskattur fastag | 5.124 | 5.124 | 9.190 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 6.100 | 5.124 | 0 | 7.316 |
| Holræsagjald A | 84.403 | 84.403 | 44.639 | 139.921 | 94.716 | 108.545 | 95.025 | 95.591 | 95.070 | 84.403 | 163.178 | 111.818 |
| Holræsagjald fastgj. | 10.994 | 10.994 | 9.499 | | | | | | | 10.994 | | 14.567 |
| Lóðarleiga A | 15.381 | 27.277 | 38.116 | 64.758 | 44.047 | 32.282 | 25.296 | 30.274 | 110.529 | 22.981 | 50.590 | 70.297 |
| Sorpgjald | 34.807 | 34.807 | 38.643 | 62.000 | 28.000 | 39.956 | 36.800 | 29.000 | 44.532 | 36.740 | 38.124 | 47.200 |
| | **366.456** | **378.352** | **383.899** | **518.169** | **436.703** | **448.361** | **415.045** | **391.371** | **529.550** | **377.694** | **540.172** | **476.489** |
| Sem hlutfall af Akranesi | **100,0%** | **103,2%** | **104,8%** | **141,4%** | **119,2%** | **122,4%** | **113,3%** | **106,8%** | **144,5%** | **103,1%** | **147,4%** | **130,0%** |
| Sem hlutfall af Akranesi | **96,9%** | **100,0%** | **101,5%** | **137,0%** | **115,4%** | **118,5%** | **109,7%** | **103,4%** | **140,0%** | **99,8%** | **142,8%** | **125,9%** |

**Atvinnuhúsnæði**

| | Akranes-kaupstaður | Akranes-kaupstaður | Akureyrar-bær | Sveitarf. Árborg | Garða-bær | Hafnarfj. bær | Kópa-vogur | Mosfells-bær | Reykjanes-bær | Reykjavíkur-borg | Seltjarnarnes-bær | Borgar byggð |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Fasteignaskattur C | 3.426.307 | 3.426.307 | 4.040.055 | 4.303.650 | 5.069.420 | 4.422.255 | 4.874.260 | 4.910.117 | 3.316.719 | 5.604.610 | 3.831.335 | 2.460.854 |
| Vatnsskattur breyt | 569.299 | 569.299 | 394.821 | 460.360 | 295.457 | 284.288 | 211.218 | 239.368 | 649.924 | 569.299 | 290.375 | 922.004 |
| Vatnsskattur fastag | 5.124 | 5.124 | 18.381 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 6.100 | 5.124 | 0 | 7.316 |
| Holræsagjald C | 1.084.000 | 1.084.000 | 642.566 | 655.198 | 311.007 | 527.512 | 341.198 | 355.984 | 703.546 | 1.084.000 | 483.958 | 1.084.000 |
| Holræsagjald fastag. | 10.994 | 10.994 | 9.499 | | | | | | | 10.994 | | 14.567 |
| Lóðarleiga C | 305.902 | 395.313 | 1.000.342 | 375.962 | 448.292 | 532.712 | 1.207.680 | 486.581 | 434.617 | 489.612 | 813.852 | 510.378 |
| Sorpgjald | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| | **5.401.626** | **5.491.037** | **6.105.664** | **5.795.169** | **6.124.177** | **5.766.766** | **6.634.356** | **5.992.050** | **5.110.906** | **7.763.639** | **5.419.519** | **4.999.119** |
| Sem hlutfall af Akranesi | **100,0%** | **101,7%** | **113,0%** | **107,3%** | **113,4%** | **106,8%** | **122,8%** | **110,9%** | **94,6%** | **143,7%** | **100,3%** | **92,5%** |
| Sem hlutfall af Akranesi | **98,4%** | **100,0%** | **111,2%** | **105,5%** | **111,5%** | **105,0%** | **120,8%** | **109,1%** | **93,1%** | **141,4%** | **98,7%** | **91,0%** |

Í útreikning er stuðst við að allar tölur sem taka mið af fasteignamati séu reiknaðar sem margfeldi samkvæmt upplýsingum FMR. Grunntala 1 miðað við Akranes.
0,5% reglan í vatnsskatti og fráveitugjaldi

# Akraneskaupstaður

## Fasteignagjöld árið 2019 án vatns- og holræsagjalds.

**Dæmi:**

| **Íbúðarh.** | Mat krónur | Flatarmál m2 |
|---|---|---|
| Hús | 35.860.000 | 147 |
| Bílskúr | 0 | 0 |
| Lóð | 5.740.000 | 587 |
| | 41.600.000 | 147 |

| **Atv.hús** | Mat krónur | Flatarmál m2 | Rúmmál m3 |
|---|---|---|---|
| Verslun | 70.050.000 | 840 | 3908 |
| | 0 | 0 | |
| Lóð | 14.400.000 | 2585,2 | |
| | 84.450.000 | 840 | |

**Íbúðarhús**

| | Akranes-kaupstaður | Akranes-kaupstaður | Akureyrar-bær | Sveitarf. Árborg | Garða-bær | Hafnarfj. bær | Kópa-vogur | Mosfells-bær | Reykjanes-bær | Reykjavíkur-borg | Seltjarnarnes-bær | Borgar byggð |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Fasteignaskattur A | 119.184 | 119.184 | 146.367 | 103.613 | 121.729 | 147.983 | 134.675 | 116.499 | 154.338 | 120.337 | 128.773 | 109.066 |
| Lóðarleiga A | 7.649 | 21.898 | 30.600 | 51.988 | 35.361 | 25.916 | 12.579 | 24.304 | 88.732 | 18.449 | 40.613 | 56.434 |
| Sorpgjald | 34.807 | 34.807 | 38.643 | 62.000 | 28.000 | 39.956 | 36.800 | 29.000 | 44.532 | 44.940 | 38.124 | 47.200 |
| | **161.640** | **175.889** | **215.609** | **217.600** | **185.090** | **213.856** | **184.055** | **169.804** | **287.603** | **183.727** | **207.511** | **212.700** |
| Sem hlutfall af Akranesi | **100,0%** | **108,8%** | **133,4%** | **134,6%** | **114,5%** | **132,3%** | **113,9%** | **105,1%** | **177,9%** | **113,7%** | **128,4%** | **131,6%** |
| Sem hlutfall af Akranesi | **91,9%** | **100,0%** | **122,6%** | **123,7%** | **105,2%** | **121,6%** | **104,6%** | **96,5%** | **163,5%** | **104,5%** | **118,0%** | **120,9%** |

**Atvinnuhúsnæði**

| | Akranes-kaupstaður | Akranes-kaupstaður | Akureyrar-bær | Sveitarf. Árborg | Garða-bær | Hafnarfj. bær | Kópa-vogur | Mosfells-bær | Reykjanes-bær | Reykjavíkur-borg | Seltjarnarnes-bær | Borgar byggð |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Fasteignaskattur C | 1.334.648 | 1.334.648 | 1.573.721 | 1.676.399 | 1.974.689 | 1.722.599 | 1.898.668 | 1.912.636 | 1.291.960 | 2.183.161 | 1.492.418 | 958.575 |
| Lóðarleiga C | 121.142 | 182.160 | 460.958 | 173.243 | 206.573 | 245.474 | 478.262 | 224.217 | 200.272 | 225.613 | 375.023 | 235.182 |
| Sorpgjald | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| | **1.455.790** | **1.516.808** | **2.034.678** | **1.849.642** | **2.181.262** | **1.968.072** | **2.376.930** | **2.136.852** | **1.492.232** | **2.408.774** | **1.867.441** | **1.193.757** |
| Sem hlutfall af Akranesi | **100,0%** | **104,2%** | **139,8%** | **127,1%** | **149,8%** | **135,2%** | **163,3%** | **146,8%** | **102,5%** | **165,5%** | **128,3%** | **82,0%** |
| Sem hlutfall af Akranesi | **96,0%** | **100,0%** | **134,1%** | **121,9%** | **143,8%** | **129,8%** | **156,7%** | **140,9%** | **98,4%** | **158,8%** | **123,1%** | **78,7%** |

Í útreikning er stuðst við að allar tölur sem taka mið af fasteignamati séu reiknaðar sem margfeldi samkvæmt upplýsingum FMR. Grunntala 1 miðað við Akranes.

# Akraneskaupstaður

4

## Fasteignagjöld árið 2019.

**Dæmi:**

| **Íbúðarh.** | Mat krónur | Flatarmál m2 | Áætl. Vatn m3 |
|---|---|---|---|
| Hús | 35.860.000 | 147 | 1200 |
| Bílskúr | 0 | 0 | 0 |
| Lóð | 5.740.000 | 587 | 0 |
| | 41.600.000 | 147 | 1200 |

| **Atv.hús** | Mat krónur | Flatarmál m2 | Rúmmál m3 |
|---|---|---|---|
| Verslun | 70.050.000 | 840 | 3908 |
| | 0 | 0 | |
| Lóð | 14.400.000 | 2585,2 | |
| | 84.450.000 | 840 | |

4 í heimili 300m³ pr/íbúa

### Íbúðarhús

| | Akranes-kaupstaður | Akranes-kaupstaður | Akureyrar-bær | Sveitarf. Árborg | Garða-bær | Hafnarfj. bær | Kópa-vogur | Mosfells-bær | Reykjanes-bær | Reykjavíkur-borg | Seltjarnarnes-bær | Borgar byggð |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Fasteignaskattur A | 119.184 | 119.184 | 146.367 | 103.613 | 121.729 | 147.983 | 134.675 | 116.499 | 154.338 | 120.337 | 128.773 | 109.066 |
| Vatnsskattur breyt | 29.229 | 29.229 | 20.271 | 66.501 | 60.865 | 33.012 | 39.790 | 43.478 | 33.369 | 29.229 | 66.226 | 47.338 |
| Vatnsskattur fastag | 5.124 | 5.124 | 9.190 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 6.100 | 5.124 | 0 | 7.316 |
| Holræsagjald A | 62.379 | 62.379 | 32.991 | 94.646 | 64.068 | 73.423 | 64.277 | 64.660 | 64.308 | 62.379 | 110.377 | 82.640 |
| Holræsagjald fastgj. | 10.994 | 10.994 | 9.499 | | | | | | | 10.994 | | 14.567 |
| Lóðarleiga A | 7.649 | 21.898 | 30.600 | 51.988 | 35.361 | 25.916 | 12.579 | 24.304 | 88.732 | 18.449 | 40.613 | 56.434 |
| Sorpgjald | 34.807 | 34.807 | 38.643 | 62.000 | 28.000 | 39.956 | 36.800 | 29.000 | 44.532 | 44.940 | 38.124 | 47.200 |
| | **269.367** | **283.616** | **287.561** | **378.747** | **310.022** | **320.290** | **288.122** | **277.942** | **391.379** | **291.453** | **384.114** | **364.562** |
| Sem hlutfall af Akranesi | **100,0%** | **105,3%** | **106,8%** | **140,6%** | **115,1%** | **118,9%** | **107,0%** | **103,2%** | **145,3%** | **108,2%** | **142,6%** | **135,3%** |
| Sem hlutfall af Akranesi | **95,0%** | **100,0%** | **101,4%** | **133,5%** | **109,3%** | **112,9%** | **101,6%** | **98,0%** | **138,0%** | **102,8%** | **135,4%** | **128,5%** |

### Atvinnuhúsnæði

| | Akranes-kaupstaður | Akranes-kaupstaður | Akureyrar-bær | Sveitarf. Árborg | Garða-bær | Hafnarfj. bær | Kópa-vogur | Mosfells-bær | Reykjanes-bær | Reykjavíkur-borg | Seltjarnarnes-bær | Borgar byggð |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Fasteignaskattur C | 1.334.648 | 1.334.648 | 1.573.721 | 1.676.399 | 1.974.689 | 1.722.599 | 1.898.668 | 1.912.636 | 1.291.960 | 2.183.161 | 1.492.418 | 958.575 |
| Vatnsskattur breyt | 167.026 | 167.026 | 115.836 | 179.324 | 115.089 | 110.738 | 82.276 | 93.241 | 190.680 | 167.026 | 113.110 | 270.505 |
| Vatnsskattur fastag | 5.124 | 5.124 | 18.381 | 0 | 0 | 3.876 | 0 | 0 | 6.100 | 5.124 | 0 | 7.316 |
| Holræsagjald C | 356.454 | 356.454 | 188.521 | 255.219 | 121.147 | 205.481 | 132.907 | 138.666 | 274.052 | 356.454 | 188.516 | 422.250 |
| Holræsagjald fastag. | 10.994 | 10.994 | 9.499 | | | | | | | 10.994 | | 14.567 |
| Lóðarleiga C | 121.142 | 182.160 | 460.958 | 173.243 | 206.573 | 245.474 | 478.262 | 224.217 | 200.272 | 225.613 | 375.023 | 235.182 |
| Sorpgjald | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| | **1.995.388** | **2.056.405** | **2.366.916** | **2.284.185** | **2.417.498** | **2.288.168** | **2.592.112** | **2.368.759** | **1.963.064** | **2.948.372** | **2.169.066** | **1.908.395** |
| Sem hlutfall af Akranesi | **100,0%** | **103,1%** | **118,6%** | **114,5%** | **121,2%** | **114,7%** | **129,9%** | **118,7%** | **98,4%** | **147,8%** | **108,7%** | **95,6%** |
| Sem hlutfall af Akranesi | **97,0%** | **100,0%** | **115,1%** | **111,1%** | **117,6%** | **111,3%** | **126,1%** | **115,2%** | **95,5%** | **143,4%** | **105,5%** | **92,8%** |

Í útreikning er stuðst við að allar tölur sem taka mið af fasteignamati séu reiknaðar sem margfeldi samkvæmt upplýsingum FMR. Grunntala 1 miðað við Akranes.
Fasteignamat er gangverð, umreiknað til staðgreiðslu, sem ætla má að eignin hefði haft í kaupum og sölum í febrúarmánuði.
0,5% reglan í vatnsskatti og fráveitugjaldi